

Tillaga um hækkun menningarstyrkja

Lagt er til að ráðstöfunarfé til úthlutunar styrkja á sviði menningarmála verði hækkað um 15 m.kr. á árinu 2026, líkt og gert hefur verið undanfarin tvö ár. Gert er ráð fyrir að hækkunin taki gildi við auglýsingu umsókna í september á þessu ári.

Greinargerð

Árið 2024 var stigið mikilvægt skref þegar styrkir og samstarfssamningar á sviði menningarmála voru hækkaðir í fyrsta sinn frá árinu 2018. Fram að þeim tíma hafði heildarráðstöfunarfé styrkjaþottarins staðið í stað, þrátt fyrir fjölgun umsókna, aukna eftirspurn eftir menningarstarfsemi og almenna verðlagsþróun.

Til að bregðast við þessari stöðu var lögð fram tillaga í menningar- og íþróttaráði haustið 2023 um heildarendurskoðun og leiðréttingu styrkjaþottarins með hliðsjón af verðlagsþróun. Tillagan fól í sér stigbundna hækkun um samtals 45 m.kr. á þriggja ára tímabili, á árunum 2024–2026.

Með þessari tillögu er lagt til að síðasti áfanginn í fyrirnefndri tillögu verði innleiddur á árinu 2026, þannig að samfelld og markviss efling menningarstyrkja í þágu grasrótarstarfs í menningarlífi borgarinnar haldi áfram í takt við uppbyggingu innviða á sviði lista og menningar.